

Þórður Arason & Hermann Arngrímsson (2021), *Endurnýjun á veðursjám á Íslandi*, Haustþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 14. október 2021.

Endurnýjun á veðursjám á Íslandi

Þórður Arason & Hermann Arngrímsson

Veðurstofu Íslands

Veðurstofan hefur rekið veðursjá (e. weather radar) í Keflavík síðan 1991 og svo var sett upp önnur á Fljótsdalsheiði 2012. Veðursjár mæla m.a. endurkast frá regndropum og eldfjallaösku í allt að 250 km fjarlægð. Fyrir löngu var komin þörf á endurnýjun og nú er Veðurstofan búin að kaupa þrjár nýjar veðursjár, Meteor 735CDP10 frá Leonardo í Þýskalandi. Nýju veðursjárnar eru mun fullkomnari en þær eldri. Í ágúst-september 2021 var veðursjáin í Keflavík endurnýjuð. Veðursjáin á Fljótsdalsheiði verður endurnýjuð sumarið 2022 og í kjölfarið verður sett upp ný veðursjá yst á Skaga, vestan Skagafjarðar. Fjallað verður um uppsetningu nýja kerfisins og nýja möguleika sem bjóðast.

